

FUNDARGERÐ

Fjórði fundur samstarfshóps um endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið Surtsey haldinn í fjarfundi á Teams þriðjudaginn 5. nóvember 2024 kl. 10:00.

Mættir:

Ingibjörg Marta Bjarnadaóttir, Umhverfisstofnun
Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Náttúrufræðistofnun
Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir, Surtseyjarfélagið
Svanhildur Egilsdóttir, Hafrannsóknarstofnun
Ragnheiður Björk Sigurðardóttir, Umhverfisstofnun
Lilja Gunnarsdóttir, Hafrannsóknarstofnun
Halla Svavarsdóttir, Vestmannaeyjabær
Ólafur Einar Lárusson, Vestmannaeyjabær, forfallaðist

Gestir fundar

Dóra Björk Gunnarsdóttir, Vestmannaeyjahöfn
Gísli Valur Gíslason, Vestmannaeyjahöfn

Dagskrá fundar:

- Kynning á viðbrögðum Vestmannaeyjahafnar vegna bráðamengunar í nágrenni Surtseyjar
- Fara yfir drög að öðrum hluta áætlunarinnar
- Annað

Efni fundar:

Gestir fundarins kynntu hlutverk, viðbrögð og búnað Vestmannaeyjahafnar við bráðamengun utan hafna. Rætt var um umferð skemmtiferðaskipa og zodiaca frá þeim við Surtsey. Nokkuð er um að skemmtiferðaskip dvelji um stund innan friðlandsmarka við Surtsey og setji út zodiaca fyrir gesti. Ekki er vitað um landtöku þeirra í eyna. Rætt um möguleika á samvinnu Vestmannaeyjahafnar og Umhverfisstofnunar um fræðslu til skemmtiferðaskipa um þær reglur sem gilda í friðlandinu.

Ræddir voru möguleikar á útfærslum á takmörkum umferðar skemmtiferðaskipa um friðlandið vegna hættu á að þau beri með sér framandi tegundir inn í friðlandið, sér í lagi ef þau stöðva þar innan.

Fulltrúar Hafrannsóknarstofnunar munu skoða hvort hægt sé að fá upplýsingar aftur í tímann um umferð skipa innan friðlandsins og skoða rannsóknir á flutningi lífvera með skipum.

Rætt var um útfærslur á banni við notkun dróna frá skemmtiferðaskipum og annarra verkefna en til rannsókna í friðlandinu. Meðal ástæðna sem ræddar eru að auk þess að geta valdið truflun í varpi og látri þá er ekki hægt að sækja drónann ef hann hrapar í Surtsey þar sem óheimilt er að fara í land nema í rannsóknarskyni og með leyfi Umhverfisstofnunar sem er háð ströngum skilyrðum og hreinsun búnaðar.

Rætt var um að ráðgjafanefnd friðlandsins vinni að skilgreiningu á hlutverki fulltrúa nefndarinnar og leiðbeiningum þar að lútandi. Slíkt skjal gæti verið fylgiskjal stjórnar- og verndaráætlunarinnar. Fulltrúi Umhverfisstofnunar, sem er jafnframt formaður nefndarinnar mun boða fundinn og leiða vinnuna.

Næstu skref

Umhverfisstofnun vinnur frekari texta í drög áætlunarinnar í samræmi við efni fundarins og sendir samstarfshópnum.

Hafrannsóknarstofnun skoðar hvort unnt sé að fá upplýsingar um umferð skipa við Surtsey aftur í tímann og rannsóknir á flutningi lífvera með skipum.

Næsti fundur samstarfshóps verður boðaður þriðjudaginn 19. nóvember kl. 10:00.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 11:15.